

**181. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,
30. nóvember 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2004027 - Viðhald fasteigna

Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjór og Jón B Ólafsson verkefnastjóri sitja fundinn undir dagskrárliðum 1,2 og 3.

Skipulags- og umhverfisráð fékk kynningu á stöðu viðhaldsmála fasteigna á árinu 2020. Jafnframt var farið yfir helstu áherslur í viðhaldsmálum fasteigna fyrir árið 2021.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu.

2. 2008213 - Jaðarsbakkar 1 - viðhald áhorfendastúku.

Viðhald áhorfendastúku.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að farið verði í viðhald áhorfendastúku á Jaðarsbökkum, ásamt því sem sæti verði endurnýjuð í stúkunn.

3. 2008037 - Tónberg TOSKA - breyting á sviði

Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss, kynnir breytingar á sviði í Tónbergi.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til farið verði í framkvæmd sem miðar að því að lækka sviðið í Tónbergi.

Alfreð Þór Alfreðsson, Jón B Ólafsson og Karl Jóhann Haagensen víkja af fundi eftir þennan dagskrárlið.

4. 2009022 - Snjómokstur 2020 til 2025 - útboð

Tilboð í verkið "Vetrarþjónusta gatna og stíga Akranesi 2020-2025.

Eftirfarandi tilboð bárust.

1. hluti, vetrarþjónusta götur og bílastæði stofnana:

Gíslí S Jónsson ehf. kr. 98.347.040

Þróttur hf. kr. 55.600.000

Skóflan hf. kr. 90.500.000

Kostnaðaráætlun kr. 73.600.000

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda á grunni útboðsgagna.

2. hluti, vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiðir:

Gísli S Jónsson ehf. kr. 62.838.300

Þróttur ehf. kr. 45.750.000

Skóflan hf. kr. 71.25.000

Kostnaðaráætlun kr. 45.500.000

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda á grunni útboðsgagna.

5. 2011049 - Fjöliðjan - húsnæðismál / Smiðjuvellir 9

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að leigusamningur við fasteignafélagið Smiðjuvelli 9, verði framlengdur m.t.t. þess að ljóst er að húsnæði Fjöliðju á Dalbraut 10 er ekki tilbúið til rekstrar.

6. 2010095 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Þjóðbraut 5

Breyting deiliskipulagssins var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 19. október til 19. nóvember 2020. Grenndarkynnt var fyrir eigendum á Þjóðbraut 1 Þjóðbraut 3, Dalbraut 4, Dalbraut 6 og 8. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 2011087 - Suðurgata 50A - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Óskað er eftir endurupptöku hjá ráðinu, vegna fyrirspurnar um heimild til að byggja aðra hæð á húsið við Suðurgötu 50A.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og óskar eftir fullgildum gögnum fyrir grenndarkynningu.

8. 2004155 - Deiliskipulag Stofnanareits - Kirkjubraut 39 breyting

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits vegna lóðarinnar við Kirkjubraut 39. Breytingin felst í að breyta húsinu úr því að vera verslunar og hótélbygging í að vera íbúðarhús með verslun og þjónustu á 1. hæð, bílageymsla og geymslur í kjallara. Hámarksnýtingarhlutfall fer úr 1,56 í 1,9.

Lögð fram greinargerð vegna athugasemdar sem barst vegna skipulagsins. Ein athugasemd barst við breytinguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að á grunni meðfylgjandi greinargerðar, verði auglýst skipulagstillaga samþykkt óbreytt, og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

9. 2009166 - Mastur vegna fjarskiptaþjónustu

Gunnar Ingimarsson deildarstjóri farsímadreifikerfa Símans, tekur þátt í fundinum undir þessum lið.

Mikilvægt er að bæta farsímasamband á Akranesi. Í ljósi fyrirhugaðar stækkunar Skóghverfis og þess að farsímasamband er að hluta ábótavant í nýrri hverfum var farið var yfir möguleika á staðsetningum fjarskiptamastra m.t.t þess að bæta farsímasamband á Akranesi.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Gunnari Ingimarssyni góða yfirferð.

10. 2008220 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Dalbraut 6

Forkynning á breytingu deiliskipulagsins var send út bréflega 16. október sl. til íbúa vestan megin Dalbrautar. Ennfremur voru drög að skipulagsbreytingunni auglýst og kynnt til 13. nóvember 2020. Ein athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði auglýst skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. 2009133 - Aðalskipulag - breyting Hausthús

Lýsing var auglýst til kynning til 7. nóvember 2020. Umsagnaraðilum var gefinn kostur á að koma með ábendingar til 24. nóvember sl.

Umsagnir hafa borist frá Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulags- og umhverfisráð hefur farið yfir þær ábendingar/sjónarmið sem fram koma við lýsinguna.

12. 2009134 - Deiliskipulag Hausthús

Lýsing var auglýst til kynning til 7. nóvember 2020. Umsagnaraðilum var gefinn kostur á að koma með ábendingar til 24. nóvember sl.

Umsagnir hafa borist frá Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulags- og umhverfisráð hefur farið yfir þær ábendingar/sjónarmið sem fram koma við lýsinguna.

13. 2011275 - Aðal- og deiliskipulag Skógarhverfis athugasemd við skipulag

Athugasemd við aðal- og deiliskipulag Skógarhverfis.

Eftir að greinargerð Skipulags- og umhverfisráðs með svörum við athugasemdum sem gerðar voru við aðalskipulagsbreytingu í Skógahverfi stækkun, deiliskipulag Skógahverfi áfangi 3A og deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna var afgangið úr ráðinu og síðar bæjarstjórn kom í ljós að láðst hafði að taka eina athugasemd fyrir. Í ljósi þess er greinargerðin uppfærð. Athugasemdin er ekki með þeim hætti að hún hafi áhrif á fyrri afstöðu skipulags- og umhverfisráðs til fyrrgreindra skipulaga, sem er að samþykkja þau óbreytt frá auglýsingu.

Skipulags- og umhverfisráð vísar því uppfærðri greinargerð til bæjarstjórnar til samþykktar og að hún verði send sem hluti skipulagsgagna til Skipulagsstofnunar.

14. 2011023 - Heiðarbraut 57 breyting í tvær íbúðir - umsókn um byggingarleyfi

Óskað er eftir að fjölga íbúðum úr einni í tvær að Heiðarbraut 57.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fyrirhuguð breyting verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, Grenndarkynna skal fyrir eigendum Heiðarbrautar 55, Stillholti 2, 9, 11, 13 og Brekkubraut 10.

15. 2011281 - Slökkvilið - tækjabúnaður

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir beiðni slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar, um að auglýsa til sölu bifreið með fastanúmer VA-050. Bifreiðin hefur gengt hlutverki körfubíls/björgunartæki.

Fundarmenn samþykktu funargerðina með rfrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:40.